<i>Heiti eignar:</i> Tindasel 3, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 222-4410. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Skygggn ehf. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Orkuveita Reykjavíkur og Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 810.875.	2014000173)	<i>Heiti eignar:</i> Vættaborgir 6, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 223-0718. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Hjördís Tómasdóttir. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 80.816.	2014000179)
<i>Heiti eignar:</i> Traðarholt, Kjósarhreppi. <i>Fastanr.:</i> 230-9156. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Soffía Dagmar Þórarinsdóttir. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Stafir lífeyrissjóður. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 1.273.301.	2014000174)	<i>Heiti eignar:</i> Ystasel 5, 50% ehl., Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 205-4441. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Guðbrandur Gíslason. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Icetransport ehf. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 236.843.	2014000180)
<i>Heiti eignar:</i> Vegghamrar 49, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 203-8892. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Birkir Már Árnason. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Lýsing hf. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 1.244.488.	2014000175)	<i>Heiti eignar:</i> Þrastarhöfði 38, Mosfellsbæ. <i>Fastanr.:</i> 228-3503. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Júlía Margrét Jónsdóttir. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Íbúðalánasjóður. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 2.533.198.	2014000182)
<i>Heiti eignar:</i> Vesturberg 8, Reykjavík. <i>Fastanr.:</i> 205-0793. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> Thomas Mboya Agengo og Sharon Onyango Opuge. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Reykjavíkurborg. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 47.063.	2014000176)	<i>Heiti eignar:</i> Þrastarhöfði 41, Mosfellsbæ. <i>Fastanr.:</i> 229-4894. <i>Gerðarþoli (-ar):</i> HH invest ehf. <i>Gerðarbeiðandi (-beiðendur):</i> Vátryggingafélag Íslands hf. <i>Fjárhæðir krafna í kr.:</i> 120.650.	2014000183)

Heiti eignar: Þratarhöfði 61,
Mosfellsbæ.

Fastanr.: 229-7625.

Gerðarþoli (-ar): Hólmar Ingi Guðmundsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 103.798.093.

2014000184)

Heiti eignar: Þratarhöfði 61,
Mosfellsbæ.

Fastanr.: 229-7625.

Gerðarþoli (-ar): Hólmar Ingi Guðmundsson.

Gerðarbeiðandi (-beiðendur): Íslandsbanki hf.

Fjárhæðir krafna í kr.: 103.798.093.

2014000185)

Sýslumaðurinn í Reykjavík,
16. desember 2013.

Sigríður Eysteinsdóttir ftr.

(2014000089

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Ránargötu 18, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Þrotabúi, nafn:

IEMI ehf.,
kt. 700497-2919,
síðasta heimilisfang:
Ármúli 7, Reykjavík

Skiptafundur:

10. janúar 2014,
kl. 14.00

Reykjavík, 2. janúar 2014.

Ástráður Haraldsson hrl.

(2014000013

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurstræti 17, Reykjavík á neðangreindum tíma.

Fundarefni er annarsvegar til þess að taka afstöðu til kröfu erlends kröfuhafa, sem lýsti kröfu eftir að kröfulýsingarfresti lauk á grundvelli 2. tölul. 118. gr. laga um gjaldþrotaskipti o.fl. nr. 21/1991. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði auk þess lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Þrotabúi, nafn:

HATV ehf.,
kt. 680312-0280,

Skiptafundur:

31. janúar 2014,
kl. 10.00

síðasta heimilisfang:
Svöluási 1b, Hafnarfirði

Reykjavík, 20. desember
2013.

F.h. Gríms Sigurðarsonar hrl.,
Flosi Hrafn Sigurðsson hdl.

(2014000020

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Austurvegi 3, 2.hæð, Selfossi, á neðangreindum tíma. Á fundinum verður fjallað um frumvarp til úthlutunar úr þrotabúinu, sem liggur þegar frammi á væntanlegum fundarstað til sýnis fyrir lánardrottna og aðra sem eiga lögvarinna hagsmuna að gæta. Verði andmælum ekki hreyft gegn frumvarpinu, í síðasta lagi á boðuðum skiptafundi, mega þeir sem eiga hlut að máli vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli frumvarpsins, sem verður þar með úthlutunargerð úr þrotabúinu.

Nafn bús:

Gísli Ólafsson,
kt. 300167-3149,

Byggðarhorni,
Sveitarfélaginu Árborg

Skiptafundur:

27. janúar 2014,
kl. 10.00

Selfossi, 27. desember 2013.

Torfi Ragnar Sigurðsson hrl.

(2014000029

Útgáfud.: 6. janúar 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Reykjavíkurvegi 60, Hafnarfirði á neðangreindum tíma.

Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði þar lokið á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Þrotabúi, nafn:

Kolbrún Ósk Óskarsdóttir,
kt. 241253-4069,

síðasta heimilisfang:

Hraunbraut 10, Kópavogi

Skiptafundur:

15. janúar 2014,
kl. 13.00

Hafnarfirði, 28. desember
2013.

Þuríður B. Sigurjónsdóttir hdl.

(2014000187

Útgáfud.: 6. janúar 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 10, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús: N 13 ehf.,
kt. 441202-2610,
Háholti 14, Mosfellsbæ

Skiptafundur:
22. janúar 2014,
kl. 11.00

Reykjavík, 2. janúar 2014.
F.h. Ásgeirs Jóhannessonar
hdl.,
Jóhannes Ásgeirsson hrl.
(2014000193)

Útgáfud.: 6. janúar 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 10, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús: AB & company ehf.,
kt. 501209-0310,
Týsgötu 8, Reykjavík

Skiptafundur:
22. janúar 2014,
kl. 10.00

Reykjavík, 2. janúar 2014.
F.h. Ásgeirs Jóhannessonar
hdl.,
Jóhannes Ásgeirsson hrl.
(2014000194)

Útgáfud.: 6. janúar 2014

Skiptafundur

Skiptafundur í eftirtöldu þrotabúi verður haldinn á skrifstofu skiptastjóra að Suðurlandsbraut 10, Reykjavík á neðangreindum tíma. Komi ekki fram ábendingar um eignir í búinu í síðasta lagi á fundinum, má vænta þess að skiptum verði lokið þar á grundvelli 155. gr. laga nr. 21/1991.

Nafn bús: Eignasaga-Traust ehf.,
kt. 601095-2899,
Kringlan 4-6, Reykjavík

Skiptafundur:
22. janúar 2014,
kl. 14.00

Reykjavík, 2. janúar 2014.
F.h. Ásgeirs Jóhannessonar
hdl.,
Jóhannes Ásgeirsson hrl.
(2014000195)

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. mars 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 19. desember 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Haraldur Jóhannesson,
kt. 080454-3099,
Neströð 7, Seltjarnarnesi

Reykjavík, 19. desember
2013.

**Sigurður Snædal Júlíusson
hrl.**

(2014000014)

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 14. september 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 30. desember 2013.

Með vísan til 1. mgr. 162. gr. gþl tilkynnist hér með að skiptum var lokið á skiptafundi í dag með úthlutunargerð úr þrotabúinu skv. 160. gr. gþl. Samkvæmt úthlutunargerðinni greiddust 13,7% upp í forgangskröfur. Ekkert fékkst greitt upp í réttlægri kröfur. Skiptatrygging var endurgreidd skiptabeiðanda.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Grapewire ehf.,
kt. 520506-2330,
Bakkastöðum 117, Reykjavík

Reykjavík, 30. desember
2013.

F.h. Herdísar Hallmarsdóttur
hrl.,
Ingibjörg Björnsdóttir hdl.

(2014000021)

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 7. desember 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Með vísan til 1. mgr. 162. gr. laga nr. 21/1991 upplýsist að eignum búans hafi verið komið til skiptabeidanda á grundvelli 129. gr. laga um gjaldþrotaskipti, og fyrir sérstaka samninga sem ófullnægðum veðhafa. Í búinu eru því ekki eignir til skipta.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. desember 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

SUR ehf.,
kt. 450707-0580,
Stangarhyl 7, Reykjavík

kr. 559.273.161

Reykjavík, 23. desember
2013.

Rúnar S. Gíslason hdl.

(2014000025

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. desember 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. desember 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

De novo ehf.,
kt. 581010-0520,
Fellsmúla 13, Reykjavík

kr. 2.073.316

Reykjavík, 23. desember
2013.

Rúnar S. Gíslason hdl.

(2014000026

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 16. febrúar 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. desember 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Bílamálun Hafnarfjarðar ehf., kr. 12.076.124
kt. 470307-0640,
Rauðhelli 10, Hafnarfirði

Reykjavík, 23. desember
2013.

Rúnar S. Gíslason hdl.

(2014000027

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 19. desember 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 23. desember 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Husky Travel ehf.,
kt. 590908-1420,
Ofanleiti 7, Reykjavík

kr. 2.820.624

Reykjavík, 23. desember
2013.

Rúnar S. Gíslason hdl.

(2014000028

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Suðurlands uppkveðnum 25. september 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 18. desember 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: **Lýstar kröfur:**

Sigríður
Guðmundsdóttir,
kt. 130478-5309,
Bjarkarheiði 29, Hveragerði

Elka kr. 91.854.874

Selfossi, 18. desember 2013.

Óskar Sigurðsson hrl.

(2014000030

Útgáfud.: 6. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjaness uppkveðnum 10. maí 2013 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 27. desember 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Víney ehf.,
kt. 621107-0380,
Berjavöllum 1, Hafnarfirði

kr. 4.923.604

Reykjavík, 27. desember
2013.

F.h. Hjálmars Blöndal hdl.,
Bjarni Hólmar Einarsson
hdl.

(2014000188

Útgáfud.: 6. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 5. desember 2012 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 26. febrúar 2013.

Skiptin voru endurupptekin með vísan til 164. gr. laga nr. 21/1991 og lagt fram frumvarp til úthlutunar og samþykkt var á skiptafundi 19. desember sl. Skiptum var lokið þann dag á grundvelli 160. gr. laga nr. 21/1991. Samkvæmt úthlutunargerð greiddust kr. 1.621.545, upp í almennar kröfur, sem voru samtals kr. 10.670.408. Fékkst því 15,197% hundraðshlutar greitt upp í almennar kröfur.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Hveraskálinn ehf.,
kt. 690904-2760,
Veghúsum 31, Reykjavík

kr. 10.670.408

Kópavogi, 20. desember
2013.

Harpa Hörn Helgadóttir
hdl.

(2014000189

Útgáfud.: 6. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Norðurlands eystra uppkveðnum 5. mars 2009 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í

þrotabúinu.

Skiptum á búinu var lokið 30. desember 2013.

Úthlutunargerð búsins var samþykkt á skiptafundi við lok skipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Keila ehf. (Fjörðfiskur ehf.), Upp í veðkröfur að fjárhæð
kt. 491003-2940, kr. 171.826.022 greiddist
Héðinsbraut 4, Húsavík, 18.16%
Norðurþingi

Akureyri, 30. desember 2013.

Ingvar Þóroddsson hdl.

(2014000191

Útgáfud.: 6. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 3. maí 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 13. desember 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

DV-24 ehf.,
kt. 691297-3579,
Stórhöfða 33, Reykjavík

kr. 1.344.233.250 auk
áfallinna vaxta og kostnaðarReykjavík, 13. desember
2013.**Þorbjörg I. Jónsdóttir hrl.**

(2014000192

Útgáfud.: 6. janúar 2014

Skiptalok

Með úrskurði héraðsdóms Reykjavíkur uppkveðnum 11. maí 2011 var neðangreint bú tekið til gjaldþrotaskipta. Sama dag var undirritaður lögmaður skipaður skiptastjóri í þrotabúinu.

Engar eignir fundust í búinu og var skiptum í því lokið 17. desember 2013 samkvæmt 155. gr. laga nr. 21/1991 án þess að greiðsla fengist upp í lýstar kröfur, auk áfallinna vaxta og kostnaðar eftir úrskurðardag gjaldþrotaskipta.

Nafn bús: Lýstar kröfur:

Hrafnabjörg ehf.,
kt. 630600-2270,
Efstaleiti 5, Reykjavík

kr. 238.871.559

Reykjavík, 17. desember
2013.**Heiðar Ásberg Atlason hrl.**

(2014000196

Útgáfud.: 3. janúar 2014

Stefna - til greiðslu skuldar*Aðilar málsins eru:**Stefnandi:* Gyðu-, Iðu- og Fannarfell, húsfélag, kt. 420596-2789, Suðurlandsbraut 30, Reykjavík.*Stefndu:* Valjdeti Ademi Ramaj, kt. 051281-2259, Flúðaseli 14, Reykjavík og Sani Ramaj, kt. 010178-2669, Fossumberget 42, 0983 Oslo, Norge.*Málflutningsumboð:* Pétur Már Jónsson, hdl. rekur mál þetta f.h. stefnanda.*Dómkröfur:* Þess er krafist að stefndu verði dæmd in solidum til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð kr. 72.411, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001 sbr. III. kafla,

af kr. 12.000 frá 1. júní 2013 til 1. júlí 2013,

af kr. 20.250 frá 1. júlí 2013 til 1. ágúst 2013,

af kr. 28.500 frá 1. ágúst 2013 til 1. september 2013,

af kr. 31.250 frá 1. september 2013 til 2. september 2013,

af kr. 64.161 frá 2. september 2013 til 1. október 2013,

af kr. 66.911 frá 1. október 2013 til 1. nóvember 2013,

af kr. 69.661 frá 1. nóvember 2013 til 1. desember 2013,

af kr. 72.411 frá 1. desember 2013 til greiðsludags.

Þá er stefndu jafnframt stefnt til að þola staðfestingu á lögveðsrétti í eignarhluta sínum, fastanr. 205-2521 í húsinu nr. 2 við Iðufell, Reykjavík, til tryggingar ofangreindri kröfu á tímabilinu frá júní 2013 til og með desember 2013, auk dráttarvaxta og málskostnaðar, sbr. 48. gr. laga nr. 26/1994.

Krafist er málskostnaðar skv. mati dómsins en jafnframt er áskilinn réttur til að leggja fram málskostnaðarreikning verði tekið til varna í málinu. Þá er krafist virðisaukaskatts á málskostnað þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur aðili. Krafist er vaxtareiknings í samræmi við 12. gr. vaxtalaga nr. 38/2001.

Málsatvik og málsástæður: Skuld þessi er tilfallin vegna hússjóðs- og framkvæmdagjalda sem stefnandi lagði á stefndu vegna húsnæðis þeirra í fjöleignarhúsinu Iðufelli 2, Reykjavík, fastanr. 205-2521, á tímabilinu frá júní 2013 til og með desember 2013. Húsfélags- og framkvæmdagjöld þessi eru lögð á húsnæði stefndu á sama grundvelli og aðra eignarhluta í fjöleignarhúsinu Iðufelli 2, Reykjavík, skv. lögum nr. 26/1994.

Þegar sameiginlegum húsfélags- og framkvæmdakostnaði hafði verið skipt niður á eignarhluta fjöleignarhússins gjaldféllu hússjóðs- og framkvæmdagjöldin sem hér segir:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1	1. júní 2013	1. júní 2013	12.000
2	1. júlí 2013	1. júlí 2013	8.250
3	1. ágúst 2013	1. ágúst 2013	8.250
4	1. september 2013	1. september 2013	2.750
5	2. september 2013	2. september 2013	32.911
6	1. október 2013	1. október 2013	2.750
7	1. nóvember 2013	1. nóvember 2013	2.750
8	1. desember 2013	1. desember 2013	2.750

Krafist er dráttarvaxta af hússjóðs- og framkvæmdagjöldum hvers mánaðar frá gjalddaga útgefinna reikninga. Þess er krafist, að staðfest verði lögveð í eignarhluta stefndu í húsinu Iðufelli 2, Reykjavík, fastanr. 205-2521, vegna framangreindra hússjóðs- og framkvæmdagjalda, auk dráttarvaxta og málskostnaðar, sbr. 48. gr. laga nr. 26/1994.

Samtala vangreiddra hússjóðs- og framkvæmdagjalda sbr. ofangreinda sundurliðun nemur kr. 72.411 og er það stefnu fjárhæð máls þessa. Auk þess er krafist kostnaðar vegna milliinnheimtu Alskila að fjárhæð kr. 23.450, sbr. dómskj. nr. 4. og þess krafist að við ákvörðun málskostnaðar verði tekið tillit til þess kostnaðar sem kröfuhafi hefur orðið fyrir, enda innan marka laga nr. 95/2008 um innheimtu.

Við ákvörðun málskostnaðar verði litið til þess að mál þetta fellur undir b. lið 4. gr. tilkynningar dómstólaráðs nr. 3/2012 enda er hér um viðameiri innheimtumál að ræða þar sem og einnig er krafist staðfestingar á lögveðrétti. Skuld þessi hefur ekki fengist greidd þrátt fyrir ítrekaðar innheimtutilraunir og er stefnanda því nauðsynlegt að höfða mál á hendur stefnda til greiðslu hennar. Gerðar eru ítrustu kröfur samkvæmt lögum.

Stefndi Sani Ramaj, kt. 010178-2669, er með skráð lögheimili að Fossumberget 42, 0983 Oslo, Noregi skv. Þjóðskrá. Gerðar hafa verið ítrekaðar tilraunir til birtingar stefnu, en án árangurs. Stefna dags. 30. apríl 2013 var þýdd og send til birtingar en við móttöku hennar tilkynnti fulltrúi Sýslumannsins í Keflavík, að þrátt fyrir að öllum formaskilyrðum til birtingar í Noregi væri fullnægt náðist ekki að birta stefnuna þrátt fyrir ítrekaðar tilraunir, sbr. dómskj. 7. Þar sem allar leiðir til birtingar hafa verið reyndar til þrauta hjá stefnda er nauðsynlegt að birta stefnuna í Lögbirtingarblaðinu sbr. 89. gr. laga nr. 91/1991.

Lagarök: Stefnandi reisir kröfur sínar á lögum nr. 26/1994 um fjöleignarhús og meginreglum samninga og kröfuréttar, en málið er rekið samkvæmt ákvæðum laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við reglur III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 með síðari breytingum.

Málskostnaðarkrafa stefnanda er í samræmi við XXI. kafla laga nr. 91/1991 og 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur og ber því nauðsyn til að tekið verði tillit til skyldu hans til að greiða virðisaukaskatt við ákvörðun málskostnaðar sbr. ákvæði 1. nr. 50/1988 þar sem lögmönnum er gert að innheimta virðisaukaskatt af þjónustu sinni. Varðandi varnarþing vísast til 34. gr. laga nr. 91/1991.

Skjöl og sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram:

1. Stefnu þessa.
2. Skrá yfir framlögð gögn.

Áskilnaður: Stefnandi áskilur sér rétt til frekari gagnaöflunar og framlagningar sem og til að koma að frekari málsástæðum og atvikum á síðari stigum, allt eftir því sem varnir stefnda gefa tilefni til. Ennfremur áskilur stefnandi sér rétt til að leiða fyrir dóm aðila og önnur vitni.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með ofangreindum til að mæta er mál þetta verður þingfest í héraðsdómi, sem er héraðsdómur Reykjavíkur, á dómþingi sem haldið verður í dómsal 102 í Dómhúsinu við Lækjartorg, Reykjavík, þann 20. febrúar 2014, kl. 10.00, til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í rétt lögð, hlýða á dómkröfur og sókn sakar, svara til sakar og dóm að þola í ofangreinda átt. Að öðrum kosti má búast við að útivistardómur gangi í málinu.

Stefnufrestur er einn mánuður vegna stefnda Sani Ramaj.

Stefnufrestur er 3 sólarhringar vegna stefndu Valjdeti Ademi Ramaj.

Reykjavík, 19. desember 2013.

F. h. Kollekt ehf.,

Pétur Már Jónsson hdl.

(2014000022)

Útgáfud.: 6. janúar 2014

Stefna - til greiðslu skuldar

René Cortin

Stratenmakerhof 29,

1825 CXAlkmaar,

Hollandi (nr. vegabréfs 04PI26075),

gjörir kunnugt: Að félagið þurfi að höfða mál fyrir héraðsdómi Reykjavíkur á hendur Philippe Baltz Nielsen, kt. 101269-2139, heimilisfang óþekkt og CBP ehf. kt. 411210-0300, Geirsgötu 9, Reykjavík in solidum vegna ógreidds reiknings fyrir vinnu sem stefnandi innti af hendi fyrir stefndu ásamt útlögðum kostnaði.

Dómkröfur: Stefnandi krefst þess að stefndu verði dæmdir til að greiða stefnanda in solidum EUR 17.072,50 með dráttarvöxtum skv. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af EUR 17.072,50 frá 24. júní 2013 til greiðsludags.

Þá krefst stefnandi einnig að viðurkennt verði með dómi að stefnandi eigi tilkall til 30% hlutar í því félagi sem mun eiga og reka vefþímaritið www.cbpmag.com.

Þá er krafist málskostnaðar eftir vinnuframlagi lögmanns stefnanda að skaðlausu fyrir stefnanda, eða að mati dómsins, að teknu tilliti til virðisaukaskatts á málflutningsþóknun og leggist dráttarvextir á málskostnaðarkröfuna í samræmi við ákvæði laga nr. 91/1991.

Málflutningsumboð: Undirritaður lögmaður, Hjörleifur Kvaran, hrl., Nordik lögfræðipjónustu slf., Suðurlandsbraut 18, Reykjavík, fer með mál þetta fyrir hönd stefnanda.

Fyrirsvar: Fyrirsvarsmaður stefnda CBP ehf. er stefndi Philippe Baltz Nielsen, kt. 101269-2139, skráður í Danmörku, en honum er stefnt bæði sem stjórnarformanni CBP ehf. og persónulega.

Málavextir: Málavextir eru þeir að stefnandi er franskur ríkisborgari en hann er sjálfstætt starfandi vefhönnuður (e. digital marketing consultant) og rekur einstaklingsfyrirtækið René Cortin Digital Marketing Consulting, Chamber of Commerce number 52895408. Stefnandi býr og starfar í Hollandi.

Í byrjun árs 2013 hafði stefndi Philippe samband við stefnanda þar sem hann óskaði eftir því við stefnanda að þeir færu í samstarf vegna verkefnis sem stefndi Philippe kvaðst vera með í bígerð, sbr. dskj. 3. Verkefnið fólst í því að setja á laggirnar heimasíðu fyrir tísku- og lífstílstímarit á veraldarvefnum. Vinnuheitíð fyrir tímaritið var „CBP International Magazine“ eða „CBPmag“. Samskipti stefnanda og stefndu fóru að miklu leyti fram á veraldarvefnum, ýmist í formi tölvupóstssamskipta, með notkun á samskiptaforritinu Skype og einnig var stofnaður vinnuhópur á Fésbók (e. Facebook) þar sem þeir aðilar sem komu að verkefninu gátu rætt mál sín á milli óháð því hvar í heiminum þeir væru niðurkomnir.

Eftir að stefnandi og stefndi Philippe höfðu átt í viðræðum um verkefnið sendi stefndi Philippe stefnanda tölvupóst með formlegu tilboði í verkið en hér er átt við „Proposal Plan A (focusing on the CBP magazine as first)“, sbr. dskj. 4. Í tölvupóstinum segir stefndi Phillipe að hann hafi sett saman hóp af fólki sem muni vinna verkefnið í sameiningu en hópurninn samanstóð af stefnanda, stefnda Philippe og vefhönnuði sem stefnandi átti að útvega. Einnig áttu aðrir eigendur og samstarfsaðilar stefndu að koma að verkefninu þó ekki hafi sérstaklega verið kveðið á um hverjir það voru eða hvað þeir áttu að gera.

Hlutverk stefnanda í verkefninu var fyrst og fremst að hanna og forrita grunn eða svokallað sniðmát að heimasíðu fyrir vefþímaritið CBP International Magazine eða cbpmag.com. Stefnandi Philippe skilgreindi hlutverk og verkefni það sem stefnandi átti að inna af hendi á eftirfarandi hátt og í þessum tölulögðum:

1. Hanna sniðmát fyrir vefsíðuna CBP International magazine.
2. Færa inn efni í grunn-sniðmátið, m.a. fyrir I-phone og önnur rafræn auglýsingasniðmát (e. E- Commerce application).
3. Hanna forrit vegna auglýsingainnskota fyrir sniðmátið á CBP International magazine (innsk. undirritaðs: oft nefnt „bannerar“ eða „borðar“).
4. Skilgreina hvaða aðferðum skuli beitt vegna sölu til auglýsenda, s.s. skilmála og fyrirvara.
5. Koma á laggirnar greiðslukerfi fyrir CBP International magazine.
6. Ákveða verð fyrir auglýsingapláss á CBP International magazine.
7. Ákveða hvaða efni verður á CBP International magazine síðunni.

Fyrir þessa verkþætti og þátttöku hans í verkefninu átti stefnandi að fá greitt eftirfarandi, sbr. dskj. 4:

1. Sæti í stjórn í óstofnuðu félagi sem ráðgjafi (e. member of our Board of Committee as a Consultant Advice Counceler).
2. 30%hlut í CBP Online Magazine og sæti í stjórn félagsins CBP Mag. (óstofnaðs félags).
3. Fyrir alla þá vinnu sem stefnandi og hönnuðurinn á hans vegum inntu af hendi vegna verkefnisins. Koma greiðslur þó ekki til fyrr en fyrstu tekjur hafa skilað sér vegna reksturs tímaritsins.

Stefnandi hófst strax handa við að hanna og forrita heimasíðuna en til þess að geta skilað verkefninu af sér á fullnægjandi hátt þurfti hann að ráða vefhönnuð til að vinna verkefnið með sér. Hönnuðurinn hafði ekki áhuga á að fá hlutdeild í óstofnuðu félagi og greiðslur fyrir vinnuna þegar fyrstu tekjur myndu skila sér til félagsins líkt og stefndi Philippe hafði boðið stefnanda, heldur vildi hann einungis fá

staðgreitt fyrir sína vinnu, sbr. dskj. 5.

Þar sem stefndi Philippe kvaðst ekki eiga fjármuni til að greiða vefhönnuðinum ákvað stefnandi að greiða honum úr eigin vasa. Stefnandi og hönnuðurinn luku vinnu sinni í fullu samstarfi við Philippe og aðra þá sem komu að verkefninu og greiddi stefnandi vefhönnuðinum í kjölfarið, sbr. dskj. 6. Í kjölfarið fengu þeir aðilar sem komu að verkefninu á vegum stefnda Philippe aðgang að sniðmálinu eða heimasíðunni í þeim tilgangi að prufukeyra hana og koma með athugasemdir og tillögur ef breyta þyrfti einhverju.

Ekki verður betur séð af gögnum málsins en að allir þeir sem hlut áttu að máli hafi verið mjög ánægðir með vinnu stefnanda og vefhönnuðarins og þá sérstaklega stefndi Philippe, en hann hrósaði honum mikið fyrir vinnu sína og ánægju hans með vinnubrögð stefnanda má bersýnilega sjá í tölvupóstssamskiptum þeirra, sbr. gulmerkt í dskj. 7.

Þegar stefnandi og vefhönnuðurinn höfðu lokið vinnu sinni var hins vegar allt í einu komið annað hljóð í stefnda Philippe. Fór hann þá að gagnrýna vinnu stefnanda og sagði að 30% af verkefninu væri lokið en 70% óklárað án þess þó að rökstyðja þessi hlutföll á nokkurn hátt. Stefnandi óskaði eftir nánari skýringum á hvað stefndi Philippe ætti við með þessu og bað hann ítrekað um að benda sér á hvað væri óklárað svo hann gæti lagfært það sem stefndi Philippe taldi að vantaði upp á. Þrátt fyrir margitrekaðar fyrirspurnir af hálfu stefnanda fékk hann aldrei nein svör frá stefnda Philippe, sbr. dskj. 11.

Stefnandi hefur mikla reynslu af verkefnum sem þessu og er hann ekki í neinum vafa um að hann hafi lokið verkefninu sem um ræðir á fullnægjandi hátt enda hafi stefndi Philippe ekki á neinum tímapunkti getað sagt honum hvaða þáttum verkefnisins væri ólokið.

Í apríl 2013 óskaði stefnandi síðan eftir skriflegum samningi frá stefnda Philippe um greiðslu fyrir vinnu sína eins og samið hafði verið um. Þann 20. apríl 2013 sendi stefndi Philippe stefnanda starfssamning sem innihélt ákvæði sem aldrei áður höfðu komið til tals milli stefnanda og stefnda Philippe. Í samningnum var stefnanda boðið 15% hlutur í óstofnaða félaginu cbpmag.com. í stað 30% hlutar eins og áður hafði verið samið um. Einnig var ekkert kveðið á um að hann og vefhönnuðurinn ættu að fá greitt fyrir vinnu sína eins og um hafði verið samið í upphafi, sbr. dskj. 12.

Hefði stefnandi skrifað undir þennan samning þá hefði hann setið uppi gjörsamlega réttindalaus þar sem ákvæði í samningnum kváðu á um einhliða rétt stefndu til að svipta stefnanda öllum hlutunum sínum án nokkurs konar endurgreiðslu, sbr. ákvæði (vii) í starfssamningnum, sbr. dskj. 12. Stefnandi átti von á því að fá samning á borð við hluthafasamkomulag eða rammasamning vegna fyrirhugaðrar stofnunar á félaginu cbpmag.com en ekki starfssamning við CBP ehf. eins og raunin varð, sbr. dskj. 12.

Í kjölfarið fóru stefnandi og stefndi Philippe í viðræður um einstök ákvæði í samningnum. Stefnandi vildi fá útlistun á hvaða þýðingu sum ákvæði í samningnum hefðu og útskýringu á því af hverju hann ætti að fá einungis 15% hlut en ekki 30% í hinu óstofnaða félagi cbpmag.com eins og um hafi verið samið. Viðræður þeirra á milli leiddu ekki til neins og enduðu samskipti þeirra þannig að stefndi Philippe hætti að svara stefnanda, sbr. dskj. 13.

Á þeim tímapunkti eða í lok apríl 2013 hafði stefnandi samband við Nordik lögfræðipjónustu slf. til þess að reyna

að ná sáttum við stefndu. Nordik hafði ítrekað samband við stefndu til að bjóða þeim á fund til að ræða málin en þær boðanir báru ekki árangur, sbr. dskj. 14. Í samskiptum Nordik við stefndu vísaði stefndi Philippe á íslenskan samstarfsaðila sinn, endurskoðandann Birgi Karl Óskarsson hjá fyrirtækinu Akkúrat ehf., og bað um að hann yrði hafður með í samskiptunum.

Þegar ljóst var að stefndu höfðu ekki áhuga á að semja um málið sendi stefnandi bæði stefnda Philippe og CBP ehf., ntt. Halldóri Ægi Tryggvasyni, einum af prókúruhöfum félagsins, reikning fyrir vinnunni sem hann innti af hendi auk útlagðs kostnaðar. Gjaldldagi skv. reikningi var 27. maí 2013 og skiptist upphæðin í EUR 16.060,5 vegna beins vinnuframlags stefnanda en skv. gjaldskrá tekur hann EUR 110 á tímann og vann hann í heildina 146 tíma. Einnig lagði stefnandi út fyrir vinnu hönnuðar EUR 1.012, sbr. dskj. 18. Nánari sundurliðun á reikningi stefnanda var send á stefndu skv. beiðni, sbr. dskj. 19. Reikningurinn var sendur með ábyrgðarbréfi til Halldórs sem var mótttekið þann 4. júní 2013, sbr. dskj. 20, og með tölvupósti á alla aðila.

Þann 2. júlí 2013 var síðan send innheimtuviðvörðun á íslensku og ensku með tölvupósti til Birgis og stefnda Philippe, sbr. dskj. 21., 22. og 23. Eftir að þessi tölvupóstur var sendur hefur stefnandi ekkert heyrt frá stefndu.

Eins og fram kemur í tölvupósti Birgis, sbr. dskj. 15., þá hafnar Birgir formlega öllum kröfum stefnanda á félagið f.h. CBP ehf. Verður það að teljast einkennilegt sérstaklega í ljósi þess starfssamnings sem fyrirsvarsmenn CBP ehf. höfðu sent stefnanda þann 20. apríl 2013, undirritaðan af stjórnarformanni félagsins, stefnda Philippe og einum af prókúruhöfum félagsins, Halldóri Ægi Tryggvasyni.

Nú nýverið kom í ljós að einn af samstarfsmönnum stefnda Philippe, Nadine Scheel, en hún tók þátt í verkefninu með stefnanda og stefnda Philippe, fékk ekki það sem henni hafði verið lofað af stefnda Philippe. Af eigin frumkvæði sendi hún stefnanda skriflegan vitnisburð þar sem hún staðfestir að stefnandi Philippe hafi unnið þá vinnu sem ætlast var til af honum. Rennir þetta enn frekari stoðum undir frásögn stefnanda og er nú ljóst að stefnandi er ekki sá eini sem ekki hefur fengið greitt frá stefnda Philippe í tengslum við umrætt verkefni. Vitnisburðurinn er hluti af þessu máli, sbr. dskj. 24.

Málsástæður: Samkvæmt reglum samningaréttar eru loforð þess eðlis að þau öðlast ekki skuldbindingargildi fyrir loforðsgjafa fyrr en gagnaðili hefur samþykkt þau. Loforð eru oft nefnd tilboð og eftir að loforð hefur verið samþykkt, er kominn á samningur milli viðkomandi aðila. Samþykki tilboðs er yfirlýsing samþykkjanda um að hann taki við þeim rétti eða hagsbótum, sem honum er boðið í tilboðinu. Samþykki er hvort tveggja í senn, ákvöð og loforð, þ.e. það bindur tilboðsgjafa endanlega við tilboð hans og skuldbindur jafnframt samþykkjanda til að efna það loforð sem í samþykkinu felst.

Eins og fram kemur í tölvupósti stefnda Philippe frá 16. janúar 2013, sbr. dskj. 4, þá lagði stefndi Philippe fram bindandi tilboð sem stefnandi samþykkti. Eins og að ofan greinir er samþykki tilboðs hvort tveggja í senn, ákvöð og loforð, þ.e. það bindur tilboðsgjafa endanlega við tilboð hans og skuldbindur jafnframt samþykkjanda til að efna það loforð sem í samþykkinu felst. Í málsatvikalýsinguinni kemur fram að stefnandi lauk þeirri vinnu sem samið var um á fullnægjandi hátt og uppfyllti hann þar með sinn hluta af

samningnum sem á var kominn milli stefnanda og stefnda Philippe. Stefndi Philippe hefur hins vegar ekki efnt samninginn gagnvart stefnanda og ekki verður séð að hann hyggist gera það.

Eftir að stefnandi lauk vinnu sinni og afhenti stefnda Philippe aðgang að vefnum komu engar athugasemdir fram af hálfu stefndu um hvað betur mætti fara, sbr. dskj. 11 og 13. Eins og fram kemur í málsatvikalýsingu reyndi stefnandi ítrekað að fá að vita hvað vantaði upp á vinnuna hans og hvernig hann gæti bætt úr því sem betur mætti fara. Aldrei fékk hann nein svör og þar af leiðandi gat hann ekki bætt úr þeim galla eða öðru sem stefndi Philippe kvað að væri ábótavant. Af þeim sökum ber stefndu að standa við samninginn og greiða stefnanda það sem hann réttilega á inni hjá þeim enda ekkert sem bendir til þess að stefnandi hafi ekki lokið vinnu sinni með þeim hætti sem um var samið.

Vefsíðan cbpmag.com er nú byrjuð í rekstri og hefur stefnandi hvorki aðkomu að rekstrinum né á hann neinn hlut í því félagi sem heldur utan um reksturinn líkt og honum hafði verið lofað. Stefndi Philippe og hugsanlega samstarfsmenn hans munu hins vegar koma til með að njóta góðs af vinnu stefnanda með t.d. sölu á auglýsingum.

Í ljósi ágreinings sem upp kom á milli stefnanda og stefnda Philippe þá telur stefnandi að ómögulegt væri að fara fram á efndir samkvæmt aðalefni samningsins og því fer stefnandi fram á að hann fái greitt fyrir þá vinnu sem hann innti af hendi.

Stefnandi telur að ómögulegt sé fyrir hann að sýna fram á með sannfærandi hætti hversu mikilla tekna veftímaritið cbpmag.com gæti aflað í framtíðinni og því telur hann að hagsmunum sínum verði best borgið með því að dómstólar viðurkenni rétt hans til tilkalls í 30% hlut í því fyrirtæki sem mun eiga og reka veftímaritið cbpmag.com. Að mati stefnanda er hér um að ræða lögvarða hagsmuni stefnanda sem geta skipt hann gríðarlega miklu máli í framtíðinni en þetta var ein helsta ástæða þess að samningar tókust á milli stefnanda og stefnda Philippe.

Stefnandi hefur einnig eytt miklum tíma og fjármunum í að fá kröfu sína innheimta og stefna þessu máli fyrir dómstóla. Hann gerir því kröfu um að fá greiddan þann útlagða kostnað. Stefndi reyndi margsinnis að fá stefndu að samningsborðinu en aldrei sýndu þeir neinn vilja til að ræða málin heldur höfnuðu þeir kröfu stefnanda nær samstundis og krafan barst til þeirra, sbr. dskj. 14. og 15.

Lagarök: Til frekari stuðnings kröfum stefnanda vísast til meginreglna samninga- og kröfuréttar um efndir innan samninga og að samninga skuli í heiðri hafa (Pacta Sunt Servanda) ásamt fordæmum sem finnast í íslenskri dómaframkvæmd. Stefndi gerir einnig kröfu til dráttarvaxta vegna þess fjártjóns sem hann hefur orðið fyrir og því til stuðnings vísar hann til laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, einkum 1. mgr. 6. gr. Til stuðnings viðurkenningarkröfu sinnar vísar stefnandi í 2. mgr. 25. gr. laga um einkamál nr. 91/1991.

Stefnandi gerir einnig kröfu um að sér verði dæmdur málskostnaður sér að skaðlausu og byggir hann þá kröfu á XXI. kafla laga nr. 91/1991 um einkamál, einkum 129. og 130. gr.

Um aðild máls vísast til III. kafla sömu laga, sbr. einkum ákvæði 16. og 17. gr. eml.

Um varnarþing vísast til 33. gr., 2. mgr. 83. gr. og a. liðar 1.

mgr. 89. gr. eml. Stefndi Philippe er með skráð lögheimili í Danmörku samkvæmt þjóðskrá á Íslandi en samkvæmt upplýsingum sem stefnandi hefur undir höndum þá hefur stefndi Philippe nýverið skráð búsetu sína á Íslandi, sbr. dskj. 17. Hins vegar hefur stefnandi ekki tekist að birta stefnda Philippe stefnuna á Íslandi þrátt fyrir að hafa reynt það, sbr. dskj. 28. Stefndi Philippe lýsti því yfir við stefnuvott sem hringdi í hann þegar hann var að reyna að birta fyrir honum að hann væri búsettur í Danmörku. Stefndi aflaði því upplýsinga frá yfirvöldum í Danmörku um heimilisfang stefnda í þeim tilgangi að birta fyrir honum stefnuna þar en kom þá í ljós að stefndi Philippe er skráður sem týndur einstaklingur í Danmörku og hefur ekki sést þar síðan 2005, sbr. dskj. 27. Stefndi sér því ekki aðra leið en að birta stefnda stefnu þessa skv. a. lið 1. mgr. 89. gr. eml.

Sönnunargögn: Við þingfestingu málsins mun stefnandi leggja fram skjöl til sönnunar kröfum sínum, sbr. skjalaskrá á dóm skjali 2. Þá er áskilinn réttur til að leggja fram frekari gögn, sem og leiða vitni fyrir dóminn, á síðari stigum ef þurfa þykir.

Fyrirkall: Fyrir því stefnist hér með Philippe Baltz Nielsen kt. 101269-2139, heimilisfang óþekkt, persónulega og sem fyrirsvarsmaður CBP ehf. kt. 411210-0300, Geirsgötu 9, Reykjavík, til þess að mæta á dómþingi héraðsdóms Reykjavíkur, sem háð verður í dómhúsinu við Lækjatorg, Reykjavík, 6. febrúar 2014, kl. 10:00, er mál þetta verður þingfest til þess þar og þá, ef ekki verður sátt í málinu, að sjá skjöl og skilríki í dóm lögð og leggja fram gögn af sinni hálfu. Ef ekki verður mætt af hálfu stefndu við þingfestingu málsins má búast við því að útivistardómur gangi í málinu. Stefnufræstur er einn mánuður.

Reykjavík, 3. janúar 2014.

Hjörleifur Kvaran hrl.

(2014000204

Lögbirtingablað,

7. tölublað 2014.

Útgefandi og ábyrgðarmaður, sýslumaðurinn í Vík,

Anna Birna Þráinsdóttir.